

á vörum frá Hallgeirsey til Reykjavíkur, og ber því að sýkna hann af þeirri kröfu.

Samkvæmt fransögðu verða þau úrslit málsins, að frá kröfu áfrýjanda, kr. 1106.09 ber að draga kr. 40.83, en dæma stefnda til að greiða honum kr. 1065.26 með 5% ársvöxtum frá 19. sept 1912 til greiðsludags.

Málskostnaður í aðalsök og gagnsök þykir eftir atvikum rétt að falli niður.

Því dæmist rétt vera:

Stefndi Þorleifur Guðmundsson greiði áfrýjanda Sigurði Guðmundssyni fyrir hönd gufuskipafélagsins »Thore« kr. 1065,26 með 5% ársvöxtum frá 19. sept. 1912 til borgunardags. Málskostnaður í aðalsök og gagnsök falli niður.

Dóminum að fullnægja innan 8 vikna frá löglegrí birtingu hans að viðlagðri lagaaðför.

Mánudaginn 15. júní.

Nr. 45/1913

Guðmundur Árnason
gegn

Guðna Hafliðasyni og
Magnúsi bæjarfógeta Torfasyni.

Dómur:

Mál þetta var í héraði höfðað fyrir aukarétti Ísafjarð-

arkaupstaðar af Guðmundi Hannessyni fyrir hönd Guðmundar Árnasonar gegn Guðna Hafliðasyni til lúkningar eftirstöðvum af vinnumannskaupi, að upphæð 150 kr. og var það dæmt 6. jan. f. á. með þeim úrslitum, að málinu var ex officio vísað frá réttinum, og stefnandi í héraði dæmdur til að greiða stefnda 25 kr. í málskostnað. Dómi þessum hefir Guðmundur Arnason áfrýjað til yfirdómsins með stefnu dags. 8. okt. f. á. og gert þær réttarkröfur, að dómurinn verði úr gildi feldur og málinu vísað heim til nýrrar dómsáleggingar í héraði í því ástandi, sem það var í við upptekt þess til dóms, og að héraðsdómarinn Magnús bæjarfógeti Torfason á Ísafirði verði dæmdur til að greiða málskostnað með þeirri upphæð, er yfirdómurinn telji hæfilegan, en til vara er þess krafist að stefndi Guðni Hafliðason verði dæmdur til að greiða málskostnaðinn.

Af hálfu Guðna Hafliðasonar hefir enginn mætt fyrir yfirdóminum, en bæjarfógeti Magnús Torfason hefir látið mæta, og eru af hans hálfu gerðar þær réttarkröfur, að málinu verði vísað frá yfirdóminum, en til vara að hinn áfrýjaði dómur verði staðfestur og hann sýknaður af öllum kærum og kröfum í málinu, og til þrautavara, að hann verði sýknaður af málskostnaðarkröfunni og loks, að áfrýjandinn verði, hvernig sem málið fer, dæmdur til að greiða málskostnað fyrir yfirdómi eftir mati réttarins.

Frávísunarkröfuna byggir stefndi á því, að áfrýjunarfresturinn hafi verið liðinn áður en yfirréttarstefnan var gefin út, en málinu þó áfrýjað án uppreisnarleyfis. Áfrýjunarfresturinn telst frá löglegri birtingu hins áfrýjaða dóms. Er það upplýst fyrir yfirdóminum, að dómurinn var birtur Guðmundi Hannessyni 11. jan. f. á., en áfrýj-

andi telur birtingu þessa þýðingarlausu, þar sem birta hefði átt dóminn fyrir Guðmundi Árnasyni sjálfum. Á þetta verður þó ekki fallist. Guðmundur Hannesson hefir samkvæmt umboði því, er honum var gefið, farið með málið í héraði að öllu leyti sem sitt eigið mál, enda hljóðar dómurinn í héraði á nafn hans. Var því nægilegt að birta honum einum dóminn, og verður þannig áfrýjunarfresturinn að teljast frá birtingu þessari, eða frá 11. janúar. f. á.

En átrýjandi telur ennfremur þá ástæðu til þess, að eigi beri að taka frávisunarkröfuna til greina, að málinu hafi í upphafi verið áfrýjað með stefnu dags. 13. maí f. á. og hafi það átt að takast fyrir í yfirdóminum 8. sept. s. á., og þó að það færist fyrir, af því að eigi var mætt í málinu fyrir óhapp, þá hafi hin síðari áfrýjunarstefna verið gefin út áður en 3 mánuðir voru liðnir eftir 8. sept., og hafi því eigi verið þörf á uppreisnarleyfi til að áfrýja málinu. En með því að hin fyrri áfrýjunarstefna var eigi lögð fram í yfirdóminum, og málið var því eigi tekið fyrir samkvæmt henni, gat hún engu áorkað um breytingu eða lengingu hins lögboðua áfrýjunarfrests samkvæmt konungsbréfi 19. des. 1749, en lagaboð þetta leyfir því aðeins áfrýjun máls, að áfrýjunarfresti liðnum og án uppreisnarleyfis, að frávisunardómur sé áður genginn í málinu. við yfirdóm og því sé skotið þangað aftur innan þriggja mánaða frá uppsögn þess dóms. Eftir þessu var uppreisnarleyfi nauðsynlegt til þess að málinu yrði aftur skotið til yfirdómsins og með því að þvílíkt leyfi hefir eigi verið fengið, er óhjákvæmilegt að visa málinu frá yfirdóminum.

Málskostnað fyrir yfirdómi verður eftir þessum úr-

slitum að dæma áfrýjanda Guðmund Árnason til að greiða stefnda Magnúsi bæjarfógeta Torfasyni og ákveðst hann 25 krónur.

Því dæmist rétt vera:

Máli þessu vísast frá yfirdóminum. Afryjandi Guðmundur Árnason greiði stefnda Magnúsi bæjarfógeta Torfasyni 25 krónur í málskostnað innan 8 vikna frá löglegri birtingu dóms þessa að viðlagðri lagaaðför.

Nr. 11/1914

Sigfús Sveinbjarnarson
gegn
Hallbirni Þorvaldssyni.

Dómur:

Afryjunarstefnan í máli þessu ber það eigi með sér, og það er heldur eigi á annan hátt sannað, að hún hafi verið birt héraðsdómaranum P. V. Bjarnasyni sýslumanni, en hann hefir eigi mætt eða látið mæta í yfirdóminum. Með því að stefnan þannig er eigi löglega birt, ber samkvæmt N. L. 1—2—3 að vísa málinu frá yfirdóminum og verður þá eftir kröfu stefnda að dæma áfrýjanda til að greiða honum málskostnað fyrir yfirdómi, er ákveðst 15 krónur.